


Samþykkt þann

13 FEB 2008

f.h. Jón Sigurðsson

## BYGGINGARLÝSING

Byggingin hýsir nú hluta af starfsemi Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, en þar voru áður leikfimisalur og aðstaða til handavinnu- og myndmenntakennslu Lækjarskóla. Eldri hluti byggingarinnar, eða leikfimisalurinn, er á einni hæð, en nýrri hlutinn er á tveimur hæðum. Eldri hlutinn er bárujárnsklætt timburhús, en sá nýrri er gerður úr staðsteyptum veggjum og gólfplötum, með hefðbundnu bárujárnsklæddu timburþaki. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr grind klæddri gipsi eða spónaplötum.

Fyrirhugaðar framkvæmdir felast í því að utan á steinsteypta hlutann kemur bárujárnsklæðning fest á lektugrind til samræmis við eldri hluta byggingarinnar.

ÞAK. Þak er gert úr timbursperrum sem hvíla annars vegar á timburveggjum, og hins vegar á staðsteyptum útveggjum. Einangrað með 200mm þakull, klætt með borðaklæðningu og þar ofan á kemur pappaklæðning og bárujárn. Neðan á sperrur er loftaklæðning, fest á raflagnagrind. Þakhalli er 35° á eldri hluta og 15° á nýrri hluta.

ÚTVEGGIR: Útveggir eldri hluta byggingar eru úr bárujárnsklæddri timburgrind, en veggir nýrri hlutans eru staðsteyptir. Steypti hlutinn verður klæddur bárujárni festu á 50mm lektugrind. 25mm þéttull verður skorðuð milli lekta.

GLUGGAR. Gluggar eru hefðbundnir timburgluggar settir eftirá í útvegg. Gluggar sem skipt verður um verða með tvöföldu K-gleri og 14mm loftbili.

SÖKKULL OG GÓLFPLATA. Í leikfimisal er timburgólf, en sökkull og gólfplata nýrri hluta eru úr járnbentri steinsteypu.

INNVEGGIR. Innveggir eru ýmist staðsteyptir eða úr 90mm grind klæddri spónaplötum eða gipsi. Allar klæðningar eru amk í flokki 2.

LOFTRÆSTING LOKAÐRA RÝMA. Loftræsta skal öll gluggalaus rými, annað hvort með útblæstri um veggviftur eða loft-túður.

BRUNAVARNIR. Fjölnotasalur er hólfaður af með Ei-60 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1, og EICS-30 hurð. Kennslustofur eru hólfaðar af með Ei-60 veggjum með vegg- og loftaklæðningu í flokki 1, og EICS-30 hurðum. Aðrar klæðningar í húsinu skulu ekki vera lakari en í flokki 2. Öll efni og vinna skulu vera í samræmi við byggingarreglugerð, viðkomandi ÍST staðla og reglugerð um brunavarnir.
Flóttaleiðir úr fjölnotasal eru annars vegar um útgöngudyr á gafli og hins vegar um inngang frá anddyri. Flóttaleiðir úr kennslustofu og félagsaðstöðu á 2. hæð eru um inngang frá biðkrók annars vegar, og björgunarop sem leiða að palli með hringstiga hins vegar. Flóttaleiðir úr kennslustofum á 1. hæð eru um inngang frá anddyri annars vegar, og björgunarop vestur-hlið hins vegar.

BÍLASTÆÐI: Alls eru 98 bílastæði á skólalóðinni, en þau samnýtast með starfsemi sem er í gömlu skólabyggingunni.

LÓÐARFRÁGANGUR. Frágangur lóðar á lóðamörkum skal unnin í samráði við lóðarhafa aðliggjandi lóða.

STÆRÐIR SKV. SKRÁNINGARTÖFLU:

Heildarflatarmál / birt flatarmál: 575,7m2
Heildarrúmmál: 2592,1m3
Skiptarrúmmál: 2,154,121m3

KÓLNUNARTÖLUR (hámarksgildi):

| | |
|---|---|
| Útveggir | 0.4 W/m2K |
| Útv. (vegið meðaltal) | 0.85 W/m2K |
| Þak | 0.2 W/m2K |
| Gólf á fyllingu | 0.3 W/m2K |
| Gluggar og gler | 2.0 W/m2K |
| Hurðir | 3.0 W/m2K |

| | |
|---|---|
| HV= | Inntak hitaveitu |
| VV= | Inntak vatnsveitu |
| RV= | Inntak rafveitu |
| S= | Inntak síma |
| LR= | Loftræst rými |
| GN= | Niðurfall |
| ÞNF= | Þakniðurfall |

| | |
|---|---|
| BO STÆRÐ | Björgunarop |
| EI-60 | Veggir og hæðaskil með merktri brunamótstöðu. |
| EICS-60 | Hurðir og gluggar með merktri brunamótstöðu. |
| R | Reykskynjarar |

aok!
VERKSTÆÐI ARKITEKTA ehf - Gunnarssundi 5 - 220 Hfj. - sími: 565 9779
KÁRI EIRÍKSSON arkitekt FAÍ - kt: 070365-4059 - email: kari@aok.is - www.aok.is

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| verk | LÆKJARSKÓLI - TÓNLISTARSKÓLI | | | | 0717 201 |
| teikning | Grunnmyndir - Byggingarlýsing | | | | |
| blaðstærð A2 | AÐALUPPDRÁTTUR | mkv 1:100 | hannað KE | teiknað KE / BG | dags. 10.10.2007 |
| | Öll mál eru í millimetrum. Öll vafaatriði skal bera undir hönnuð. Mælið ekki af teikningum, öll mál athugist á staðnum. Öll afnot og afritun teikningar, að hluta eða í heild, er háð skriflegu leyfi höfundar. | | | | prentað 14.11.2007 |